




TANNI TRAVEL

Samfélagsskýrsla

Útgefin í september 2025

www.tannitravel.is
tannitravel@tannitravel.is



ÁVARP FRAMKVÆMDASTJÓRA

Kæru vinir og lesendur!



Það er mér hjartans ánægja að setjast niður og skrifa þessi orð, því í fyrsta sinn gefur Tanni Travel út samfélagsskýrslu. Þetta eru ákveðin tímamót, en líka eðlilegt framhald af því sem við höfum alltaf viljað standa fyrir, að vera opin, heiðarleg og stolt af því starfi sem við vinnum með og fyrir samfélagið okkar.

Ferðaþjónusta snýst ekki bara um að flytja fólk frá einum stað til annars. Hún snýst um að skapa tengsl, milli fólks og náttúru, milli gestanna okkar og heimamanna og ekki síst milli okkar allra sem vinnum saman að því að gera Austurland að áfangastað sem skilur eftir sig góðar minningar og jákvæð áhrif.

Við vitum að starfsemin okkar hefur áhrif, jákvæð en einnig krefjandi og með þessari skýrslu viljum við sýna hvernig við reynum að vega og meta hvert skref, taka ábyrgð og horfa fram á veginn með sjálfbærni, virðingu og samvinnu að leiðarljósi.

Ég vil þakka öllum þeim sem hafa tekið þátt í þessari vegferð með okkur, starfsfólki, samstarfsaðilum, gestum og samfélaginu í heild. Án ykkar væri Tanni Travel ekki það sem það er í dag. Við hlökkum til áframhaldandi uppbyggingar með ykkur.

Með hlýjum kveðjum,

Díana Mjöll Sveinsdóttir
Framkvæmdastjóri Tanna Travel

SAGAN OKKAR



Saga fyrirtækisins á sér djúpar rætur og yfir hálfrar aldar sögu í ferðaþjónustu og samfélaginu Austurlandi.

Sveinn Sigurbjarnarson byrjaði með rekstur á snjóbíl og fólksflutningabíl árið 1970. Árið 1974 var snjóbíllinn Tanni keyptur til að flytja fólk yfir Oddsskarð og er nafn fyrirtækisins dregið af hans nafni. Á snjóbílnum Tanna voru farnar ferðir á Vatnajökul með ferðamenn og á aðra jökla með Jöklarannsóknarfélagi Íslands. Smám saman stækkaði flotinn, fleiri bílar bættust við, og ferðirnar urðu fjölbreyttari. Fyrsta ferðin erlendis var til Færeyja árið 1984 og svo til meginlands Evrópu.

Á þessum grunni var Tanni Travel stofnað, árið 1993. Eigendur voru feðginin Sveinn og dóttir hans Díana Mjöll. Sveinn lést í mars 2021 og eru eigendur nú Díana Mjöll og eiginmaður hennar Sigurbjörn Jónsson.
Díana Mjöll fylgdi föður sínum í mörgum ef ekki flestum ferðum hans í hennar uppvexti og byggir fyrirtækið á hans arfleifð.

Fyrirtækið býður upp á fjölbreyttar ferðir, bæði skipulagðar hópferðir og sérsniðnar ferðir, auk almennrar hópferðaþjónustu. Markmið fyrirtækisins er að veita gestum framúrskarandi þjónustu, persónulega upplifun og að kynna þá fyrir náttúru, menningu og daglegu lífi á Austurlandi. Tanni Travel hefur alltaf lagt sérstaka áherslu á Austurland og tekið virkan þátt í því starfi sem Ferðamálasamtök Austurlands sinntu, síðar Markaðsstofa Austurlands og nú Austurbrú. Tanni Travel sinnir einnig akstri fyrir sveitarfélagið Fjarðabyggð og Alcoa Fjarðaál, sem eru sterkar stoðir í rekstrinum.

Fyrirtækið hefur frá upphafi starfað allt árið og er núna með 10 heilsársstörf sem fjölgar töluvert yfir sumarmánuðina þegar háannatími er í ferðaþjónustu. Fjöldi bíla í rekstri eru 18 talsins, 4-63 sæta. Að auki skipuleggur fyrirtækið gönguferðir og aðra afþreyingu fyrir hópa, sem og að koma á framfæri og selja afþreyingu samstarfsaðila á heimasíðunni. Tanni Travel hefur fullgild leyfi ferðamálastofu sem ferðaskrifstofa og ferðaskipuleggjandi.

Saga og forsaga fyrirtækisins hefur mótað gildi þess, ábyrgð, virðingu, fagmennsku og gleði sem endurspeglast í þjónustunni.


TANNI TRAVEL

HJARTA FYRIRTÆKISINS

Hjarta hvers fyrirtækis er starfsfólk þess.

Við erum fjölskyldufyrirtæki, störfum allt árið en með afar mikla árstíðarsveiflur í vinnu. Starfsfólk okkar er með fjölbreyttan bakgrunn og við leggjum mikið upp úr því að öllum líði vel í vinnunni, það fái rými til að dafna og að styrkleikar hvers og eins nýtist sem best.

Við hjá Tanna Travel höfum í gegnum tíðina verið svo lukkuleg að vera með afar gott starfsfólk, bæði í föstum störfum og þá sem vinna með okkur á háannatíma. Án þess værum við ekki búin að starfa í öll þessi ár.

Þau er fulltrúar okkar út á við og erum við afar stolt af hverjum og einum.

TAKK FYRIR YKKUR ❤












HEILSA & VELLÍÐAN

Heilsa og vellíðan eru grundvallarstoðir í starfsemi Tanna Travel, bæði þegar kemur að starfsfólki okkar og viðskiptavinum. Við viljum tryggja öruggt, heilsusamlegt og jákvætt vinnuumhverfi fyrir starfsmenn okkar, þar sem jafnvægi milli vinnu og einkalífs er virt og stuðlað er að persónulegri velferð.

Við leggjum jafnframt áherslu á að gestir okkar njóti öruggrar og ánægjulegrar ferðar þar sem vel er hlúð að bæði þægindum og góðri upplifun af landshlutanum.





Tanni Travel leggur áherslu á gott skipulag, áreiðanleika og samkvæmni í sínum störfum og hefur sett sér skýrar stefnur varðandi alla helstu þætti starfseminnar.

Tanni Travel gætir þess að þeirra starfsfólk sé ávallt með gild réttindi til aksturs þeirra ökutækja sem það ber ábyrgð á, að hvíldartími bílstjóra sé virtur, það sæki reglulega skyndihjálparnámskeið og fái tækifæri til að sinna menntun og almennri andlegri uppbyggingu. Einnig er í gildi gæðakerfi með viðeigandi verklagsreglum og viðbragðsáætlunum.

Eftirfarandi stefnur eru í gildi:

STEFNUR

- Umhverfisstefna
- Mannauðsstefna
- Áfengis- og eiturlyfjastefna
- Heilsustefna
- Öryggisstefna
- Jafnréttisstefna
- Starfsmannastefna
- Stefna gegn einelti, kynbundinni og kynferðislegri áreitni

STARFSFÓLK

- Verklagsreglur
- Viðbragðsáætlanir
- Atvikaskráning og skýrsla
- Skyndihjálparnámskeið
- Endurnýjun réttinda
- Stuðningur við menntun og uppbyggingu starfsfólks

Allar stefnur Tanna Travel eru aðgengilegar á vef fyrirtækisins.

SAMFÉLAGSLEG ÁBYRGÐ
MEÐ JÁKVÆÐNI
AÐ LEIÐARLJÓSI

í nánu sambandi við Austurland

Samfélagsleg ábyrgð er einn af hornsteinum í starfsemi Tanna Travel. Við lítum á samfélagið sem grundvöll tilveru okkar, án þess væri rekstur okkar ekki mögulegur. Því leggjum við áherslu á að hafa jákvæð áhrif með því að tryggja öryggi og vellíðan gesta og starfsmanna, styðja við samfélagsþróun á Austurlandi og ekki síst með því að bera virðingu fyrir náttúrunni og nýta auðlindir hennar á ábyrgan hátt.

Í daglegum rekstri leggjum við okkur fram um að styrkja samfélagið með fjölbreyttum hætti. Við sköpum störf og tryggjum sanngjörn kjör, styðjum menningar-, íþrótta- og félagsstarf á svæðinu og verslum í heimabyggð þegar því verður við komið. Með þessum hætti stuðlum við að sjálfbærum rekstri sem bæði nýtist samfélaginu og verndar náttúru svæðisins fyrir komandi kynslóðir.

Þessi nálgun endurspeglar gildi okkar – **ábyrgð, virðingu, fagmennsku og gleði** – og er leiðarljós í allri ákvarðanatöku. Með þessum áherslum tökum við virkan þátt í að styðja við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.





GILDI

ÁBYRGÐ
VIRÐING
FAGMENNSKA
GLEÐI


Við tökum **ÁBYRGÐ** á störfum okkar með því að skapa heilbrigt starfsumhverfi, standa við skuldbindingar okkar og stuðla að sjálfbærri neyslu og rekstri.

Við umgöngumst fólk, menningu og náttúru af **VIRÐINGU**, og leggjum áherslu á að byggja upp traust og samvinnu í samfélaginu sem við erum hluti af, þar sem allir njóta jafnræðis og sanngirni.

Við vinnum af **FAGMENNSKU** og setjum gæði og öryggi í forgang. Við vinnum markvisst að því að skapa verðmæti í atvinnulífi og samfélaginu.

Við nálgumst verkefnin af jákvæðni og lífs**GLEÐI**, því við trúum því að jákvæð orka skili sér bæði til samstarfsfólks og gesta, og stuðli þannig að vellíðan, samstöðu og betri upplifun í samfélaginu okkar.

HEIMSMARKMIÐIN
um sjálfbæra þróun





Tanni Travel skrifaði undir yfirlýsingu Festu og Íslenska ferðaklasans 10. janúar 2017 og ætlar með því að stuðla að sjálfbærni og samfélagslegri ábyrgð í íslenskri ferðaþjónustu

EINKUNNARORÐ


REYNSLA
METNAÐUR
SKEMMTUN

Við byggjum á áratugalangri reynslu í ferðaþjónustu á Austurlandi, þar sem þekking á svæðinu, ástríða fyrir þjónustu og okkar sannfæringu um að „þetta reddast“ móti þann grunn sem fyrirtækið stendur á í dag.

Við leggjum metnað í að koma til móts við þarfir hvers viðskiptavinar með persónulegri þjónustu og lausnamiðaðri nálgun sem tryggir gæði í hverju skrefi.

Við trúum því að ánægja og gleði séu drifkraftur í allri okkar vinnu. Þegar við njótum verkefnanna sjálf, þá skilar það sér í skemmtilegri og eftirminnilegri upplifun fyrir gesti okkar.

ÁFANGAR & VÖRÐUR



ENDURMÖRKUN

Upphaf endurmörkunar okkar má rekja til andláts Sveins, stofnanda fyrirtækisins, árið 2021. Fyrirtækið hafði lengi byggt á nafni Sveins, en í breyttu samfélagi og með nýja kynslóð viðskiptavina töldum við tímabært að skerpa á ímynd okkar og leggja áherslu á að móta markvissari stefnu og framtíðarsýn.





VÖRUMERKI

Árið 2023 réðumst við í heildstæða endurnýjun á vörumerkinu okkar og gáfum samhliða út vörumerkjahandbók. Markmiðið var að tengja vörumerkið enn skýrar við gildi okkar og framtíðarsýn, auk þess að setja það í nútímalegri og aðgengilegri búning.

Við fengum þau Maríu Hjálmars, ráðgjafa, og Ingva Örn Þorsteinsson, hönnuð, í lið með okkur og lögðum þar með áherslu á að nýta sérþekkingu og skapandi kraft heimamanna.

REKSTUR

Endurmörkun okkar fólst ekki eingöngu í nýrri ásýnd heldur einnig í breytingum á rekstrinum sjálfum. Við endurskipulögðum starfsemina með það að markmiði að styrkja kjarnann, skerpa fókus og gera það sem við trúum að skapi mestu verðmæti fyrir gesti okkar og samfélagið.


Meðal breytinga var að leggja skýrari línur, setja meiri kraft í að keyra eigin ferðir og koma föstum dagsferðum í sölu á Bókun og öðrum sölutorgum. Við höfum jafnframt lagt aukna áherslu á Austurland, þróað vöruframboð innan svæðisins og þorað að fylgja eigin sannfæringu, þar á meðal að segja nei, þegar það samræmist ekki gildum okkar eða framtíðarsýn.

AUSTURLAND
EAST ICELAND

LEIÐANDI Í FERÐAÞJÓNUSTU Á AUSTURLANDI

Samstarf er einn af lykilþáttum í starfsemi Tanna Travel. Með því að vinna náið með sveitarfélögum, fyrirtækjum, félagasamtökum, menningarstofnunum og fólki á Austurlandi getum við skapað sterkari heild, aukið verðmæti fyrir samfélagið og boðið gestum okkar fjölbreyttari upplifun. Verkefnin sem við tökum þátt í styrkja ekki aðeins stöðu okkar sem ferðaþjónustufyrirtækis heldur efla líka samfélagið og Austurland sem áfangastað ferðamanna. Tanni Travel hefur verið leiðandi þegar kemur að þróun og samvinnu í ferðaþjónustu á Austurlandi og teljum við að samstarf sé einn mikilvægasti þáttur í farsælum vexti atvinnugreinarinnar í landshlutanum.


ÁFANGASTAÐURINN AUSTURLAND*



Við höfum verið virkur þátttakandi í verkefninu Áfangastaðurinn Austurland allt frá upphafi þess og þar með tekið þátt í stefnumótun og ímyndarsköpun landshlutans sem ákjósanlegum áfangastað ferðamanna.

Samhliða því höfum við lagt til bíla og leiðsagt fjöldan allan af blaðamanna- og ferðaskrifstofuferðum um Austurland á vegum Austurbrúar og Íslandsstofu í þeim tilgangi að auka áhuga erlendra ferðaskrifstofa á landshlutanum.


EFLING EGILSSTAÐAFLUGVALLAR



Eitt helsta hagsmunamál ferðaþjónustuaðila á Austurlandi er að koma á beinu áætlunarflugi á milli Egilsstaða og meginlandsins. Við höfum í samstarfi við Austurbrú og fleiri samstarfsaðila tekið virkan þátt í uppbyggingu Egilsstaðaflugvallar og komið að borðinu í viðræðum við áhugasöm flugfélög og ferðaskrifstofur í gegnum árin.

Öll svona vinna eflir okkur sem fyrirtæki og landshlutann í heild og við höldum áfram að taka þátt og vinna okkur í áttina að því að þessi gátt inn í landshlutann verði eins sjálfsögð og aðrar inn í landið.


FERÐASÝNINGAR & VINNUSTOFUR



Við höfum í gegnum árin verið þátttakendur á öllum helstu ferðasýningum á Íslandi, sem og sótt viðburði og vinnustofur erlendis, í þeim tilgangi að markaðssetja og auglýsa Austurland sem áfangastað ferðamanna til erlendra ferðaskrifstofa. Þessa viðburði sækjum við sem talsmenn landshlutans, og tölum máli Austurlands í heild.

Við erum sýnileg og gerum okkar besta í að svara öllum spurningum sem til okkar koma er varða landshlutann af bestu getu, óháð því hvers eðlis þær eru.

BOÐSFERÐIR



Undanfarin sumur höfum við boðið framlínustarfsfólki í ferðaþjónustu á Austurlandi að koma með okkur í ferðir, m.a. í Stuðlagil og upp í Snæfell.

Við teljum mikilvægt að starfsfólk í ferðaþjónustu í landshlutanum þekki svæðið og fái tækifæri til þess að upplifa einstaka náttúru Austurlands á eigin skinni.

Með því erum við að efla atvinnugreinina og auka þekkingu starfsmanna sem skilar sér í betri þjónustu við ferðamenn og eykur jákvæða upplifun þeirra af Austurlandi.

ÁBYRGUR SAMSTARFSAÐILI

EKKI BARA RÚTUFYRIRTÆKI

Við leggjum ríka áherslu á að styðja samfélagið á Austurlandi með beinum hætti. Með þátttöku í menningar-, íþrótta- og félagsstarfi, stuðningi við skóla og viðburði, og með því að velja þjónustu og vörur úr heimabyggð, leggjum við okkar af mörkum til að styrkja nærumhverfið. Samfélagsverkefnin sem við tökum þátt í, byggja upp samstöðu, efla gæði búsetu og skapa jákvæð áhrif fyrir bæði íbúa og gesti svæðisins.





Samgöngur

Tanni Travel hefur allt frá upphafi séð um fjölbreyttar samgöngur á Austurlandi og er traustur bakhjarl í daglegu lífi samfélagsins. Við sjáum m.a. um skólaakstur fyrir Fjarðabyggð, akstur fyrir starfsfólk Alcoa, íþróttafélög og fjölmarga viðburði fyrir bæði krakka, fyrirtæki og einstaklinga á svæðinu. Þegar allt er talið erum við að keyra að **meðaltali tæplega þrettán ferðir á dag alla daga ársins,** utan við ferðaþjónustu.

Frumkvöðlar

Við leggjum okkur fram við að styðja frumkvöðla sem efla ferðaþjónustuna á Austurlandi, óháð samkeppnisstöðu. Við höfum aðstoðað einstaklinga með umsóknir, s.s. með því að vera skráðir samstarfsaðilar verkefna og lagt til mannafla og bifreiðar í ýmis verkefni. Með þessum stuðningi tökum við þátt í að **byggja upp fjölbreytta og sjálfbæra atvinnugrein** sem skilar ávinningi til alls samfélagsins.





Viðburðir

Við teljum mikilvægt að styðja við menningu, útivist og samfélag á Austurlandi. Árlega styrkum við allslags viðburði og samfélagshópa t.d. með kaupum á styrktarlínum eða auglýsingum. Við styðjum einnig við frumkvöðlastarf og einstaka viðburði, þar má nefna **Náttúruskólann og Snæfellshlaupið**.

NÁTTÚRUSKÓLINN

VIÐ ERUM STOLTIR BAKHJARLAR
FRÁ NÓVEMBER 2023

Meginstefna Tanna er að vera til staðar fyrir nærsamfélagið og hafa jákvæð áhrif á það, vera leiðandi í ferðaþjónustu á svæðinu og vera öðrum góð fyrirmynd með ábyrgri ferðaþjónustu.

Metnaðarfullt starf Náttúruskólans fangaði athygli okkar. Eftir samtöl við Hildi Bergsdóttur einn stofnanda skólans, varð úr að við gerðum styrktarsamning við skólann. Hann felur í sér að við leggjum til rútu og bílstjóra þegar aka þarf með börnin á skólastað, sem er eins og nafnið gefur til kynna, úti í náttúrunni.

Náttúruskólinn var stofnaður í ársbyrjun 2022 og starfar bæði á tómstundagrunni sem og í samvinnu við skólakerfið. Fjölbreytt starf hefur verið með grunnskólum Múlaþings, en markmið skólans er að fá fleiri sveitarfélög til samvinnu.

Skólinn byggir á spennandi, skemmtilegum og krefjandi útinámskeiðum þar sem áhersla er lögð á útiveru, tengsl við og þekkingu á náttúrunni, heilbrigðan lífsstíl, átthagafræðslu, sjálfsþekkingu, samskipti og samvinnu. Unnið er í hópum þar sem þátttakendur efla félagsgreind og læra þau að þekkja og nýta sína eigin styrkleika.

Skólinn býður upp á einstaka upplifun í náttúrunni þar sem farið er í gegnum nýjar og spennandi áskoranir og tengir þau heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Með skemmtilegri nálgun og fræðslu er áhugi vakinn á útivist, náttúrunni og framtíðinni. Unnið er með börnum frá efstu deildum í leikskóla og upp á framhaldsskólastig.

Það er ekki annað hægt en að hrífast með þegar rætt er við Hildi um upphaf skólans og framtíðarsýn. Háleit markmið, óbilandi trú á verkefninu og mikil atorka stofnenda og starfsmanna hefur komið skólanum þangað sem hann er núna. Auk þessara föstu verkefna eru sértæk verkefni, leiðangarar erlendis og móttaka erlendra nema. Það er hreint ótrúlega magnað og dýrmætt að eiga svona fólk á svæðinu.

Samfélagið Austurland má vera stolt af Náttúruskólanum, megi starf hans dafna og vaxa um ókomna tíð.












TÖLFRÆÐI

Á árinu voru alls skráðar **tæplega 5000 brottfarir**, sem jafngildir að meðaltali um **14 brottförum** á dag. Aksturinn er fjölbreyttur og endurspeglar árstíðasveifluna í starfsemi okkar. Yfir sumarmánuðina vegur ferðaþjónustan meira, á meðan fyrirtæki og skólar vega meira yfir vetrarmánuðina.

Áherslubreytingar í sölu dagsferða hafa jafnframt skilað áþreifanlegum árangri. Með því að setja ferðir í sölu á Bókun og öðrum sölutorgum fjölgaði brottförum úr aðeins **7 árið 2024** í **56 árið 2025**, þar sem farþegum fjölgaði um **616%** á milli ára. Þessi þróun endurspeglar bæði markvissa vöruþróun hjá okkur og aukinn áhuga á Austurlandi sem áfangastað.

BROTTFARIR DAGSFERÐA



UMSAGNIR GESTA

"Come as a stranger, leave as a friend."

Okkur er annt um gesti okkar og upplifun þeirra. Við leggjum okkur alltaf fram við að veita góða þjónustu, skapa jákvæðar minningar og gera okkar besta til að hver ferð verði eftirminnileg og ánægjuleg. Umsagnir gesta endurspegla þessa nálgun.

Marta ★★★★★
4x4 Bus Truck Tour into Vatnajökull National Park

This was my second tour with Tanni Travel and they have once again exceeded my expectations! The tour in Highlands was very beautiful. Our guides were amazing: super professional, knowledgeable, and genuinely fun to be around. They took us to see some of the most breathtaking landscapes I've ever seen, and we spent a truly wonderful day together.

I highly recommend Tanni Travel to everyone!

Amanda ★★★★★
Stuðlagil Canyon & Vök Baths

We really enjoyed this tour. Our guide was friendly and knowledgable from the moment we were picked up at the cruise terminal and throughout the ride to the canyon and then to the baths.

The hike to the canyon was pleasant and easy for our group of 11 people aged 8-57. Our guide assisted us as we hiked the part at the end and we enjoyed a very up close view of the beautiful canyon.

We loved the baths: it was a new experience for all of us! We also loved hearing about life in Iceland, from the customs of holidays to the cyclical festivals and parties. We were so comfortable with our guide and highly recommend this tour.

Marja ★★★★★
Glacier Lagoon Scenic Express

Everything went smoothly. Despite the fact that our cruise ship's tenders were delayed due to fog, we arrived just in time and were warmly welcomed by Diana, Anna, and the driver. The bus ride was comfortable. The glacier was special and definitely worth it. We were back at the port right on time, where the tenders were ready for the transfer. All in all, a beautiful but pricey trip.

Murray ★★★★★
Stuðlagil Canyon & The Highland Circle

Outstanding trip with Tinna - one of the best tours we've had in any country. Aside from taking us to some of the most incredible views imaginable, we learned a lot from Tinna about Iceland, family culture, the fishing industry, and so much more.

She's a great driver and went out of her way to accommodate any special requests by the guests. She had a great "off road" vehicle and made this long tour seem so short.





SAMANTEKT

Þegar við lokum þessari fyrstu samfélagsskýrslu viljum við enn á ný leggja áherslu á það sem skiptir mestu, traustið, samstarfið og fólkið sem býr í samfélaginu okkar.


Verkefnin sem við höfum unnið að eru ekki bara tölur á blaði heldur lifandi sögur um fólk, staði og þroskandi vegferð.

Framtíðin mun færa okkur nýjar áskoranir og tækifæri til að vaxa, læra og styrkja tengslin við Austurland og gesti okkar. Við lofum að halda áfram að vinna af heiðarleika og metnaði, með sjálfbærni, virðingu og samvinnu að leiðarljósi.

Takk fyrir að vera hluti af þessari vegferð með okkur. Við hlökkum til að halda áfram að hafa jákvæð áhrif og skapa ógleymanlegar upplifanir saman.










TANNI TRAVEL

með þér á Austurlandi frá árinu 1993

www.tannitravel.is
tannitravel@tannitravel.is
@tannitravel_iceland

Strandgata 14
735 Eskifjörður
Iceland